

Alþingi
Erindi nr. P 132/481
komudagur 8.12.2005



Jafnréttisstofa

Alþingi
Félagsmálanefnd
150 Reykjavík

Akureyri 6. desember 2005


Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um þingsályktunartillögu um lífeyrisréttindi hjóna, 33. mál.

Með bréfi dags. 22. nóv. 2005 (móttæknu 28. nóv.), óskaði félagsmálanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um þingsályktunina. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Starfsfólk Jafnréttisstofu telur því mikilvægt að jafnrétti sé tryggt á þessu sviði. Enn er málum þannig háttað að konur sinna í mun meira mæli ólaunaðri vinnu en karlar, t.d. sinna þær ýmsum umönnunarstörfum á heimilum. Kynbundinn launamunur er töluverður á Íslandi og launamunur kynjanna meiri en í flestum nágrannalöndum okkar. Ein helsta ástæðan þess er að konur bera mun meiri fjölskylduábyrgð en karlar. Afleiðing þessa er að konur öðlast mun takmarkaðri lífeyrisréttindi en karlar og gjalda þess því á elliárunum að hafa sinnt verðmætum störfum án þess að þiggja laun fyrir. Þá er einnig rétt að benda á að þetta kemur illa niður á þeim körlum sem lifa maka sinn, þ.e. þeir fá að öllum líkindum minni bætur en hefði maki þeirra skapað sér full lífeyrisréttindi á starfsævinni.

Starfsfólk Jafnréttisstofu telur þetta mikla breytingu til batnaðar og vonar að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,


Margrét María Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri


Silja Bára Ómarsdóttir
sviðsstjóri